

REGLUGERÐ KSÍ

um umboðsmenn leikmanna

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga Knattspyrnusambands Íslands og skv. reglugerð FIFA um umboðsmenn leikmanna (Players' agents regulations sem samin var á grundvelli samþykktá framkvæmdastjórnar FIFA 10. desember 2000)

Þegar eftirfarandi hugtök koma fyrir í reglugerð þessari ber að leggja neðangreindan skilning í þau:

1. *Umboðsmaður: Er sá aðili nefndur sem er fulltrúi leikmanna eða fulltrúi sem kemur fram fyrir hönd félags við félagaskipti leikmanns.*
2. *KSÍ umboðsmaður: Er umboðsmaður leikmanna skv. leyfi Knattspyrnusambands Íslands.*

I. kafli. ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Gildissvið.

- 1.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum KSÍ og skv. reglugerð FIFA um umboðsmenn leikmanna. Hún gildir um alla starfsemi umboðsmanna, sem hafa milligöngu um félagaskipti leikmanna á Íslandi eða á milli landa.

2. gr.

Umboðsmaður

- 2.1. Umboðsmaður er einstaklingur sem hefur það starf að aðstoða leikmenn eða félög gegn þóknun. Umboðsmaður kynnir leikmann fyrir félagi í þeim tilgangi að koma honum á samning hjá félaginu eða leiðir saman tvö félög í þeim tilgangi að ganga frá samningi um félagaskipti.
- 2.2. Leikmaður eða félag má aðeins nýta sér þjónustu umboðsmanns, sem hefur leyfi útgefið af KSÍ eða öðru knattspyrnusambandi innan FIFA.
- 2.3. Framanskráð takmörkun gildir ekki ef aðstoðarmaður er foreldri, systkini eða maki leikmanns, og heldur ekki ef leikmaður eða félag leita aðstoðar lögmanns.

II. kafli. LEYFI TIL AÐ VERA KSÍ UMBOÐSMAÐUR

3. gr.

Umsókn og skilyrði

- 3.1. Sá sem óskar að verða KSÍ umboðsmaður skal senda skriflega umsókn um slíkt til skrifstofu KSÍ.

- 3.2 Umsækjandi skal vera íslenskur ríkisborgari, ríkisborgari aðildarríkja EES samningsins eða hafa starfað óslitið á Íslandi undanfarin tvö ár og hafa óflekkað mannorð.
- 3.3 Aðeins einstaklingur getur sótt um leyfi. Félag eða félagasamtök geta ekki öðlast leyfi sem umboðsmaður.
- 3.4 Umboðsmaður má ekki vera starfsmaður, taka að sér verkefni eða eiga hagsmuna að gæta hjá FIFA, UEFA, knattspyrnusambandi, knattspyrnufélagi eða samtökum sem tengjast framangreindum aðilum.
- 3.5 Ef umsækjandi stenst framangreindar kröfur skal boða hann í skriflegt umboðsmannspróf.
- 3.6 Umsækjanda, sem er hafnað af KSÍ, getur kært ákvörðunina til stöðunefndar FIFA. Staðfesti FIFA ákvörðun KSÍ verður umsækjandi að bíða í tvö ár áður en unnt er að leggja inn nýja umsókn.

4. gr.

Skriflegt próf

- 4.1 Skriflegt umboðsmannspróf er er að jafnaði haldið tvisvar á ári. Þegar KSÍ hefur fengið upplýsingar um dagsetningu frá FIFA skal umsækjendum tilkynnt tímanlega um það.
- 4.2 Grundvallarkröfur til prófs koma fram í fylgiskjali A með þessari reglugerð.
- 4.3 KSÍ getur krafist greiðslu vegna kostnaðar við prófið. Greiðsla berist eigi síðar en daginn fyrir próf.

5. gr.

Ábyrgðartrygging

- 5.1 Þeir umsækjendur sem standast próf skulu fá sér ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu tryggingafélagi. Tryggingarskírteini ásamt skilmálum skal senda KSÍ.
- 5.2 Tryggingin skal taka til ábyrgðar umboðsmanns og duga til að mæta hugsanlegum bótakröfum frá leikmanni, félagi eða öðrum umboðsmanni. Þetta gildir bæði um kröfur sem gerðar eru í samræmi við þessa reglugerð og annarra krafna sem stofnast getur vegna starfa umboðsmanns. Tryggingaskilmálar skulu vera þannig að öll áhætta tengd starfi umboðsmanns sé innifalin.
- 5.3 Lágmarksupphæð tryggingafjár er ákveðin af samninga og félagaskiptanefnd og er nú kr. 40 milljónir. Gefi velta umboðsmanns tilefni til skal tryggingaupphæðin vera hærri. Kröfur gagnvart umboðsmanni takmarkast ekki af fjárhæð ábyrgðartryggingarinnar.
- 5.4 Ábyrgðin skal einnig ná til krafna sem upp kunna að koma eftir lok umboðstímans, ef þær tengjast umboðsmannsstarfinu.

6. gr.

Yfirlýsing

- 6.1 Allir þeir sem staðist hafa skriflegt umboðsmannspróf skulu undirrita yfirlýsingu um framkomu samkvæmt fylgiskjali B þar sem umboðsmaður skuldbindur sig til að fylgja þessari reglugerð og grundvallarreglum þeim sem reglugerðin byggir á.
- 6.2 Umboðsmaður, sem starfar andstætt ofangreindri yfirlýsingu, getur þurft að sæta viðurlögum samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

7. gr.
Starfsleyfi

- 7.1 Eftir að hafa mótttekið tryggingaskírteini ásamt skilmálum og undirritaða yfirlýsingu um framkomu skal skrifstofa KSÍ gefa út leyfi til umboðsmanns. Leyfið er persónubundið og óframseljanlegt.
- 7.2 Leyfið er ótímabundið og veitir umboðsmanni rétt til að starfa sem umboðsmaður um heim allan skv. reglugerð FIFA um umboðamenn leikmanna.

8. gr.
Skrá og titill

- 8.1 KSÍ skal halda skrá yfir umboðsmenn og uppfæra hana og skal hún birt á heimasíðu KSÍ. Skráin sendist jafnframt til FIFA og er birt á opinberri vefsíðu FIFA.
- 8.2 Þegar umboðsmaður hefur fengið starfsleyfi má hann í starfi sínu nota umboðsmannstitilinn: „*Umboðsmaður leikmanna skv. leyfi Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ umboðsmaður)*”

III. kafli. RÉTTINDI OG SKYLDUR KSÍ UMBOÐSMANNS

9. gr.
Réttindi KSÍ umboðsmanns

- 9.1. KSÍ umboðsmaður hefur réttindi til eftirfarandi:
- a) að hafa samband við sérhvern leikmann sem er án samnings við félag sbr. reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga og einnig með vísan til FIFA Regulations for the Status and Transfers of Players,
 - b) að gæta hagsmuna sérhvers leikmanns eða félags sem þess óskar og/eða annast samningsgerð fyrir leikmann eða félag,
 - c) að gæta hagsmuna sérhvers leikmanns, sem þess óskar,
 - d) að gæta hagsmuna sérhvers félags, sem þess óskar.

10. gr.

Skriflegur samningur og þóknun

- 10.1 Umboðsmaður getur aðeins komið fram eða gætt hagsmuna leikmanns eða félags samkvæmt 9. grein ef hann er með skriflegan samning um það við leikmann eða félag.
- 10.2 Slíkur samningur getur verið í gildi í allt að tvö ár, en hann má endurnýja skriflega ef báðir aðilar eru sammála. Samningurinn getur ekki verið með ákvæði um sjálfkrafa framlengingu. Í samningnum skal vera ákvæði um hver sé ábyrgur fyrir greiðslu á þóknun umboðsmanns, hvers konar þóknun er um að ræða og skilyrði fyrir greiðslu þóknunarinnar.
- 10.3 Aðeins sá sem hefur ráðið umboðsmann getur greitt þóknun hans.
- 10.4 Þóknun umboðsmanns er ákveðin sem eingreiðsla eða umboðslaun reiknuð af brúttó grunnlaunum sem umboðsmaður hefur samið um. Hvers konar hlunnindi svo sem bíll, íbúð og bónus teljast ekki með við ákvörðun þóknunar.
- 10.5 Ef samningur leikmanns, sem umboðsmaður hefur samið um, varir lengur en samningur milli umboðsmanns og leikmanns, á umboðsmaður rétt á þóknun sinni enda þótt samningur hans við leikmann sé runninn út. Þetta gildir þangað til starfssamningur leikmanns er fallinn úr gildi eða leikmaður undirritar nýjan samning án aðstoðar þessa umboðsmanns.
- 10.6 Umboðsmaður, sem hefur samning við félag, skal taka þóknun sem eingreiðslu, sem þessir aðilar hafa fyrirfram samið um.
- 10.7 Þóknun umboðsmanns vegna samnings innanlands getur mest orðið hálftrúungjald félagskippta skv. reglugerð KSÍ um félagskippti leikmanna o.fl.
- 10.8 Umboðsmanni ber að nota staðlaðan fulltrúasamning FIFA. Samningsaðilum er frjálst að gera viðaukasamning, sem leggst fram með stöðluðum samningi að gefnum þeim forsendum að hann sé í samræmi við gildandi löggjöf um vinnumiðlun.
- 10.9 Fulltrúasamninginn skal gefa út í fjórriti og öll undirrituð af báðum aðilum. Leikmaður/félag fær fyrsta eintakið og umboðsmaðurinn það næsta. Umboðsmaður skal senda þriðja og fjórða eintakið til KSÍ og knattspyrnusambands leikmanns/félags þannig að samningurinn verði skráður innan 30 daga frá undirritun. Knattspyrnusambönd skulu halda skrá yfir alla samninga, sem gerðir hafa verið. Afrit af samningunum sendist FIFA ef þess er krafist.
- 10.10 Sérhver samningur sem bindur leikmann innan 16 ára við félag eða umboðsmann er ógildur. Ef leikmaður er ekki orðinn 18 ára getur hann aðeins gert fulltrúasamning ef forráðamaður undirritar einnig samninginn.

11. gr.

Starfsemi umboðsmanns

- 11.1. Umboðsmaður getur skipulagt starfsemi sína í fyrirtækjaformi að því tilskyldu að starfsmenn hans framkvæmi aðeins stjórnunarleg störf sem tengjast viðskiptarekstri umboðsmanns. Það er aðeins umboðsmaðurinn sjálfur sem getur komið fram fyrir hönd leikmanns eða félags og unnið að markaðssetningu leikmanns eða félags gagnvart öðrum félögum og leikmönnum.

11.2. Umboðsmaður skal á hverjum tíma láta KSÍ vita um nöfn starfsmanna sinna. Nýr starfsmaður skal tilkynntur KSÍ skriflega þremur mánuðum áður en hlutaðeigandi getur komið fram út á við fyrir umboðsmanninn. KSÍ skal strax tilkynnt ef starfsmaður lætur af störfum.

11.3. Starfsmanni, sem hættir störfum, er óheimilt að starfa við fyrri verkefni.

12. gr.
Skyldur KSÍ umboðsmanns

12.1. KSÍ umboðsmaður skal fullnægja eftirfarandi skyldum:

- a) án undantekninga lúta lögum og reglugerðum Knattspyrnusambands Íslands, UEFA og FIFA,
- b) ganga úr skugga um að allt það sem gert hefur verið með hans aðstoð sé í samræmi við skilyrði í framangreindum lögum og reglugerðum,
- c) snúa sér aldrei til leikmanns sem er samningsbundinn félagi í þeim tilgangi að fá hann til að segja upp samningi eða brjóta í bága við ákvæði samnings leikmanns og félags,
- d) vera aðeins fulltrúi eins aðila við félagaskipti og hafi ekki samstarfssamning eða eiga hagsmuna að gæta varðandi aðra umboðsmenn sem að félagaskiptunum koma,
- e) senda KSÍ og/eða FIFA, ef þess er krafist, allar upplýsingar sem farið er fram á ásamt nauðsynlegum gögnum,
- f) ganga úr skugga um að nafn hans og undirskrift og nafn skjólstæðings hans sé á þeim samningum sem hann hefur annast og átt aðild að,
- g) starfa innan löggjafar um atvinnumiðlun í landi því, sem um er að ræða,
- h) halda bókhald og skrá yfir viðskipti sín og geta lagt fram fylgiskjöl og önnur gögn ef krafist er.

IV. kafli. RÉTTINDI OG SKYLDUR LEIKMANNNS

13. gr.
Réttindi leikmanns

13.1. Leikmaður hefur rétt til að nýta sér þjónustu KSÍ umboðsmanns með gilt starfsleyfi sbr. þó undantekningar í grein 2.3.

14. gr.
Skyldur leikmanns

14.1. Leikmaður skal sjá til þess að nafn og undirskrift umboðsmanns sé í ráðningarsamningi og öðrum samningum þar sem umboðsmaðurinn hefur komið fram fyrir hans hönd.

V. kafli. RÉTTINDI OG SKYLDUR FÉLAGS

15. gr.

Réttindi félags

- 15.1. Félag hefur rétt til að nýta sér þjónustu KSÍ umboðsmanns með gilt starfsleyfi sbr. þó takmarkanir skv. reglugerð þessari.

16. gr.

Skyldur félags

- 16.1 Félag skal sannreyna að umboðsmaður sem það notar eða kemur fram fyrir hönd leikmanns í samningaviðræðum við félagið, sé með gilt starfsleyfi.
- 16.2 Félagið skal sjá til þess að nafn og undirskrift umboðsmanns komi fram í samningum um félagaskipti, ráðningarsamningum og öðrum samningum sem umboðsmaður á hlutdeild að. Þetta gildir einnig ef félag eða leikmaður hefur stuðlað að/átt þátt í samningum.
- 16.3. Ef félag eða leikmaður nýtur ekki aðstoðar umboðsmanns skal það að koma fram í samningum.
- 16.4 Félag sem greiðir bætur til annars félags skal greiða þær beint til þess. Félaginu er óheimilt að greiða þær beint til umboðsmanns eða annarra, á það jafnt við um hluta eða alla upphæðina. Sama gildir um þóknun.

VI. kafli. VIÐURLÖG

17. gr.

Viðurlög gagnvart umboðsmanni

- 17.1. Viðurlög við brotum á reglugerð þessari geta verið eftirfarandi gagnvart KSÍ umboðsmanni:
- aðvörðun,
 - áminning,
 - sekt,
 - réttindamissi tímabundið,
 - réttindamissi.
- 17.2. Beita má fleiri en einni refsingu saman.
- 17.3. Það varðar réttindamissi ef umboðsmaður uppfyllir ekki skilyrði í greinum 3 og 5. Sé skilyrðum ekki fullnægt, en unnt að bæta úr því sem á skortir, skal KSÍ veita honum sanngjarnan frest til úrbóta.
- 17.4. Auk þess sem nefnt er í grein 17.3, varðar það réttindamissi ef umboðsmaður brýtur ítrekað eða alvarlega lög og reglugerðir FIFA, UEFA, KSÍ eða annarra knattspyrnusambanda.

18. gr.

Viðurlög gagnvart leikmanni

- 18.1. Ef leikmaður lætur umboðsmann án starfsleyfis koma fram fyrir sína hönd er það undir KSÍ (innanlands) eða FIFA (milli landa) komið hvernig staða leikmannsins er metinn komi til ágreinings.
- 18.2. Þær refsingar sem hægt er að beita gagnvart leikmönnum eru eftirfarandi:
- aðvörðun,
 - áminning,
 - sekt,
 - keppnisbann.
- 18.3. Beita má fleiri en einni refsingu saman.

19. gr.

Viðurlög gagnvart félagi

- 19.1. Þær refsingar sem hægt er að beita gagnvart félagi eru eftirfarandi:
- aðvörðun,
 - áminning,
 - sekt,
 - banni við félagaskiptum leikmanna tímabundið,
 - banni við þátttöku í landskeppni eða alþjóðlegum keppnum,
 - brottvísun úr mótí,
- 19.2. Beita má fleiri en einni refsingu saman.
- 19.3. Samningur sem félagið gerir og brýtur í bága við reglugerð þessa telst ógildur.

20. gr.

Ágreiningur og kærur

- 20.1. Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ tekur ákvörðun um viðurlög samkvæmt reglugerð þessari þegar um félagaskipti innanlands er að ræða eða kára berst vegna starfa KSÍ umboðamanna innanlands. Ef upp kemur ágreiningur milli umboðsmanns og leikmanns eða félags og/eða annars umboðsmanns, sem skráður er hjá KSÍ, skal ágreiningnum skotið til samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ sem úrskurðar í málinu.
- 20.2. Niðurstaða samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ er endanleg og bindandi fyrir málsaðila og verður ekki áfrýjað eða skotið til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ eða áfrýjunardómstóls KSÍ eða annarra dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar né almennra dómstóla.
- 20.3. Málsmeðferð fyrir samninga- og félagaskiptanefnd skal að öðru leyti fara með sbr. VII. kafla reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.
- 20.4. FIFA getur einnig beitt viðurlögum samkvæmt reglugerð FIFA um umboðsmenn leikmanna en öllum öðrum kærur en getur í grein 20.1. skal beint til stöðunefndar FIFA.

- 20.5. Kærur vegna starfa umboðsmanns skulu sendast samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ eða FIFA skriflega innan tveggja ára eftir að atvikið, sem kært er, átti sér stað, en þó aldrei síðar en sex mánuðum eftir að viðkomandi umboðsmaður hefur hætt störfum.

VII. kafli. ÖNNUR ÁKVÆÐI

21. gr.

Umboðsmaður lætur af störfum

- 21.1 Umboðsmaður sem ákveður að hætta störfum skal skila leyfi sínu til KSÍ. Ef umboðsmaður lætur slíkt undir höfuð leggjast skal KSÍ draga leyfið til baka og tilkynna slíkt.
- 21.2 KSÍ skal tilkynna nöfn þeirra umboðsmanna sem hætt hafa starfsemi og gera FIFA strax grein fyrir því.
- 21.3 Umboðsmaður getur ekki sagt upp ábyrgðartryggingu áður en hann hefur hætt starfsemi (leyfi skilað eða svipt).
- 21.4. Umboðsmaður skal ganga úr skugga um að sérhver krafa um bætur, sem gerð kann að vera vegna starfa hans, greiðist af tryggingunum.

22. gr.

Yfirstjórn

- 22.1 Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ skal sjá um að starfsemi umboðsmanna innanlands sé í samræmi við reglugerð þessa og yfirlýsingu um framkomu.
- 22.2 Stöðunefnd FIFA ber ábyrgð á framkvæmd þessarar reglugerðar og hún skal sjá til þess að umboðsmenn sinni starfi sínu samkvæmt yfirlýsingu um framkomu.

23. gr.

Lokaákvörðun

- 23.1. Framkvæmdastjórn FIFA tekur lokaákvörðun í öllum málum sem tengjast starfsemi umboðsmanns og ekki falla undir ákvæði þessarar reglugerðar.

24. gr.

Gildistaka

- 24.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi samkvæmt sömu grein. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð KSÍ um umboðsmenn leikmanna.

Fylgiskjal A

Frankvæmd skriflegs umboðsmannsprófs

I.

1) Prófið skal byggt upp á valspurningum. Próftaki telst hafa náð prófi ef hann nær lágmarkseiningum sem ákveðnar eru af FIFA (sjá 5. grein).

2) Prófa skal eftirfarandi atriði.

a) Þekkingu á gildandi knattspyrnureglum, sérstaklega varðandi félagaskipti (lög og reglugerðir FIFA, UEFA og KSÍ).

b) Þekking á lögum um einkamál (sérstaklega grundvallarhugtök persónuréttar) og sammingsréttar.

3) Í hverju prófi eiga að vera 20 spurningar, 15 um alþjóðareglur og 5 um innanlandsreglur.

4) KSÍ semur spurningar um íslenskar reglugerðir og FIFA semur spurningar um sín lög og reglugerðir og sendir þær knattspyrnusamböndum.

5) FIFA ákveður lágmarkseinkunn, sem krafist er til að standast prófið. Hvert rétt svar gefur eina til þrjár einingar eftir því hversu erfiðar spurningar eru.

6) Áður en prófið hefst skal KSÍ gera próftökum grein fyrir hvaða einkun þarf að ná til að standast það.

II.

1) Úrlausnir skulu metnar strax að prófi loknu og niðurstöður tilkynntar próftökum.

2) Próftaka sem fellur er heimilt að sækja um að taka próf aftur.

3) Falli próftaki í annað sinn er honum óheimilt að taka próf aftur fyrr en tvö næstu próf eru um garð gengin. Þá getur hann sótt um og valið hvort hann tekur próf á heimavelli eða hjá FIFA.

4) Falli próftaki í þriðja sinn má ekki taka próf aftur fyrr en eftir tvö ár.

Fylgiskjal B

Yfirlýsing um framkomu

I

Sem umboðsmaður mun ég

- sinna störfum mínum á þann hátt að þau veki virðingu og traust,

- koma fram af fyllstu heilindum og hlutlægni

í viðskiptum við skjólstæðing minn, samningsaðila og aðra,

- koma fram í samræmi við landslög og lög og reglugerðir

knattspyrnusambanda og FIFA.

II

Ég staðfesti að hafa kynnt mér reglugerðir KSÍ fyrir umboðsmenn.

III

Ég staðfesti enn fremur að ég mun gegna skyldum umboðsmanns samkvæmt reglugerðum og er samþykkur því að hljóta viðurlög í samræmi við ákvæði 13. greinar samkvæmt ákvörðun KSÍ.

Auk þess viðurkenni ég að ágreiningur milli mín, sem umboðsmanns og annars leikmanns, félags eða annars umboðsmanns, leysist samkvæmt 20. grein reglugerðarinnar.

Staður og dagsetning

Undirskrift umboðsmanns

F. h. Knattspyrnusambands Íslands

Fylgiskjal C

Staðlaður fulltrúasamningur

Sammingsaðilar

(Nafn umboðsmanns, kennitala og heimilisfang)

hér eftir nefndur umboðsmaður

(Nafn leikmanns eða félags, kennitala og heimilisfang)

hafa gert fulltrúasamning með eftirfarandi ákvæðum:

1) Gildistími samnings

Þessi samningur gildir í mánuði (hámarkstími samnings er 24 mánuðir), og honum lýkur..... (nákvæm dagsetning og ártal).

2) Þóknun

Það er aðeins skjólstæðingurinn, sem getur greitt umboðsmanni þóknun fyrir unnin störf.

a) Leikmaður

Greiðsla umboðsmanns á að vera:

_____ Föst upphæð kr..... sem greiðist við upphafstímabil samnings, sem samið hafði verið um.

_____ Þóknun.....% á ári af brúttó grunnlaunum þeim sem búið var að semja um, og greiðist við lok hvers samningsárs.

(Sjá 10. grein í reglugerð KSÍ fyrir umboðsmenn og fyllið út það sem við á).

b) Félag

Umboðsmaður skal taka við þóknun sem fastri greiðslu að upphæð.....

(Sjá 10.grein í Reglugerð KSÍ fyrir umboðsmenn og gefið upp nákvæma upphæð og í hvaða gjaldeyri er greitt).

3) Einkaréttur

Aðilar eru sammála um að umboðsmaður hefur

___ einkarétt

___ ekki einkarétt

til að koma fram fyrir hönd skjólstæðings síns. (Merkið við það sem við á).

4) Aðrir samningar

Allir sérsamningar sem eru í samræmi við grundvallarreglur í reglugerð KSÍ um umboðsmenn skulu fylgja með þessum samningi og vera skráðir hjá viðkomandi knattspyrnusambandi.

5) Ófrávíkjanleg löggjöf

Aðilar eru sammála um að koma fram samkvæmt einkamálaöggjöf varðandi atvinnumiðlun og öðrum ófrávíkjanlegum lands- og alþjóðalögum og samningum sem máli skipta.

6) Lokaorð

Samningurinn er undirritaður í fjórum eintökum sem dreifast þannig.

1. Skjólstæðingur
2. Umboðsmaður
3. Knattspyrnusamband þar sem umboðsmaður er skráður _____
4. Knattspyrnusamband þar sem umboðandi er skráður _____

(Staður og dagsetning)

(Undirskrift umboðsmanns)

(Undirskrift skjólstæðings)

Staðfesting á móttöku samnings:

(Staður og dagsetning)

(Knattspyrnusamband umboðsmanns) (Knattspyrnusamband skjólstæðings)